Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 25. nóvember 2026
MSS26110069

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar um mögulegt söluferli Ljósleiðarans

Á fundi borgarráðs þann 19. nóvember sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar:

> *Í tilefni af tillögu um að hefja mögulegt söluferli á Ljósleiðaranum, dótturfélagi Orkuveitunnar óska fulltrúar Samfylkingarinnar eftir skriflegu mati borgarlögmanns á málinu áður en tillagan verður tekin til afgreiðslu, þar sem eftirfarandi liggi fyrir: 1. Greining á því hvort breyting á eignarhaldi Ljósleiðarans geti haft sérstök áhrif á fjárhagslega hagsmuni Sýnar og tengdra fjárfesta. 2. Upplýsingar um aðkomu og hlutverk Arion banka í ferlinu, eignatengsl hans við fyrirtæki á fjarskiptamarkaði, og hvernig hugsanlegir hagsmunaárekstrar verða meðhöndlaðir. 3. Núverandi borgarstjóri sagði sig úr stjórn Orkuveitunnar vegna mögulegs vanhæfis á síðasta kjörtímabili. Hefur hæfi borgarstjóra verið metið í tengslum við fyrirhugað söluferli Ljósleiðarans?*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 23. nóvember sl.

Svar við fyrirspurn:

1. Greining á því hvort breyting á eignarhaldi Ljósleiðarans geti haft sérstök áhrif á fjárhagslega hagsmuni Sýnar og tengdra fjárfesta.
Reykjavíkurborg býr ekki yfir upplýsingum um fjárhagslega hagsmuni einstakra markaðsaðila eða fjárfesta á fjarskiptamarkaði umfram það sem leiðir af opinberum upplýsingum. Borgin hefur hvorki forsendur né aðgang að gögnum sem gera henni kleift að leggja sjálfstætt mat á hvort og þá hvernig hugsanlegar breytingar á eignarhaldi Ljósleiðarans kynnu að hafa áhrif á fjárhagslega hagsmuni Sýnar hf. eða annarra einkaaðila. Mat á viðskiptalegum eða fjárhagslegum áhrifum mögulegra viðskipta á einstaka markaðsaðila fellur almennt utan verksviðs Reykjavíkurborgar og byggir á upplýsingum sem viðkomandi félög eða fjárfestar einir ráða yfir. Ekki liggur því fyrir sérstök greining af hálfu Reykjavíkurborgar um áhrif hugsanlegra breytinga á eignarhaldi Ljósleiðarans á fjárhagslega hagsmuni Sýnar hf. eða tengdra fjárfesta. Þá er ekki ráðgert af hálfu Reykjavíkurborgar að ráðast í slíka greiningu enda hefur borgin hvorki skyldur til þess né gögn og upplýsingar.

Reykjavík

2. Upplýsingar um aðkomu og hlutverk Arion banka í ferlinu, eignatengsl hans við fyrirtæki á fjarskiptamarkaði, og hvernig hugsanlegir hagsmunaárekstrar verða meðhöndlaðir.

Reykjavíkurborg hefur ekki upplýsingar um aðkomu og hlutverk Arion banka hf. í ferlinu umfram það að Orkuveitan hefur samið við fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hf. um að veita ráðgjöf og þjónustu í tengslum við mögulega sölu á hlutafé í Ljósleiðaranum. Eftir því sem næst verður komist hefur Arion banki hf. engin eignatengsl við fyrirtæki á fjarskiptamarkaði. Samkvæmt upplýsingum á vefsíðu bankans að þá hefur hann sett sér stefnu um hagsmunaárekstra, sem staðfest var af stjórn bankans 6. maí 2026, þar sem meðal annars kemur fram að bankinn muni grípa til allra viðeigandi ráðstafana til að greina, meta og koma í veg fyrir eða stýra raunverulegum og mögulegum hagsmunaárekstrum sem kunna að koma upp milli bankans, viðskiptavina hans og starfsfólks. Um það hvernig hugsanlegir hagsmunaárekstrar verði meðhöndlaðir vísast því til umræddrar stefnu bankans.

3. Núverandi borgarstjóri sagði sig úr stjórn Orkuveitunnar vegna mögulegs vanhæfis á síðasta kjörtímabili. Hefur hæfi borgarstjóra verið metið í tengslum við fyrirhugað söluferli Ljósleiðarans?

Hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna til meðferðar einstakra mála fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og eftir atvikum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Borgarfulltrúar allir verða að meta hæfi sitt hverju sinni til meðferðar mála sem fara fyrir borgarstjórn. Fyrir liggur að staða sem leiddi til þess að borgarstjóri vék sæti við afgreiðslu mála tengdum Ljósleiðara á fyrra kjörtímabili er ekki fyrir hendi lengur. Verður borgarstjóri því ekki talinn vanhæfur til þátttöku í umfjöllun eða ákvörðunum sem kunna að verða teknar á kjörtímabilinu vegna fyrirhugaðs söluferlis Ljósleiðarans.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari

Reykjavík